

Ed.

347. Breytingartillögur

[178. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavörðna á íslenskum skipum.

Frá samgöngunefnd.

1. 2. gr. orðist svo:

Fjöldi vélavörðna og vélstjóra á íslenskum skipum skal vera sem hér segir:

- A. Á skipi með 75—220 kw. vél (u. þ. b. 101—300 hö.) einn vélavörður.
- B. Á skipi með 221—750 kw. vél (u. þ. b. 301—1020 hö.) yfirvélstjóri og einn vélavörður.
- C. Á skipi með 751—1500 kw. vél (u. þ. b. 1021—2040 hö.) tveir vélstjórar, yfirvélstjóri og 1. vélstjóri.
- D. Á skipi með stærri vél en 1500 kw. (u. þ. b. 2040 hö.) þrjú vélstjórar, yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar.

Á farþega- og flutningaskipum með 1300 kw. vél (u. þ. b. 1766 hö.) og stærri skal auk upptalinnna vélstjóra vera einn vélavörður eða aðstoðarmaður.

2. 3. gr. orðist svo:

- 1. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi. Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
- 2. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi. Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
Að loknum 9 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi, þar af a. m. k. 5 mánuði á skipi með 400—750 kw. vél hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).
- 3. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs hefur öðlast rétt til að vera vélavörður á skipi. Atvinnuskírteini: Vélavörður (VV).
Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélavörður á skipi með 400—750 kw. vél hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 750 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri III (VS III).
Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi með 400 kw. vél og stærri, hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri II (VS II).
Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi, þar af a. m. k. 3 mánuði við 750 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).

4. Sá sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs, ásamt sveinsprófi í viðurkenndri málmíðnaðargrein (þ. e. vélfræðingur), hefur öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur IV (VF IV).
Að loknum 6 mánaða starfstíma, sem vélstjóri á skipi með 750 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélstjóri I (VS I).
Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á skipi með 750 kw. vél og stærri hefur hann öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur III (VF III).
Að loknum 24 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af í 12 mánuði að fengnu atvinnuskírteini VF III, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með 3000 kw. vél og minni.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur II (VF II).
Að loknum 36 mánaða starfstíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a. m. k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1500 kw. vél og stærri, hefur hann öðlast rétt til að vera yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð.
Atvinnuskírteini: Vélfræðingur I (VF I).
5. Við mat á starfstíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

3. 9. gr. orðist svo:

Íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um atvinnuréttindi með tilvísun til 3. gr. laganna, á rétt til eftirtalinnna atvinnuskírteina:

Vélavörður (VV).	Réttindi: Vélavörður.
Vélstjóri III (VS. III).	Réttindi: Yfirvélstjóri, 750 kw. vél og minni og VV.
Vélstjóri II (VS II).	Réttindi: 1. vélstjóri, 1500 kw. vél og minni og VS III.
Vélstjóri I (VS I).	Réttindi: Yfirvélstjóri, 1500 kw. vél og minni og 2. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð og VS II.
Vélfræðingur IV (VF IV).	Réttindi: 2. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð og VS II.
Vélfræðingur III (VF III).	Réttindi: 1. vélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð og VS I.
Vélfræðingur II (VF II).	Réttindi: Yfirvélstjóri, 3000 kw. vél og minni og VF III.
Vélfræðingur I (VF I).	Réttindi: Yfirvélstjóri, ótakmörkuð vélarstærð.

Skírteini skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur. Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til 5 ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar.

4. 1. málsg. 8. gr. orðist svo:

Ef skortur er á mönnum með nægileg vélstjórnarréttindi er heimilt að veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en í 6 mánuði í senn og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.